# 6 Fjölskyldulíf

## 1. Fjölskyldan

H3.46

Steinþór og Vera eiga þrjú börn: Sunnu, Patrik og Selmu. Sunna verður sautján ára í maí, Patrik er nýorðinn fimmtán ára og Selma litla er tveggja ára síðan í júní. Mamma Steinþórs, Ingibjörg, býr í kjallaranum en hún er áttræð og er að bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili. Það er nóg að gera hjá öllum. Vera er í námi að læra fatahönnun og ætlar að útskrifast í vor. Steinþór er rafvirki. Hann er nú að leita að föstu starfi, en tekur að sér verkefni. Sunna er að læra að keyra bíl og ætlar að taka bílpróf í vor. Hún er í framhaldsskóla. Patrik er í 10. bekk í grunnskóla og æfir fótbolta. Selma hefur verið hjá dagmömmu en byrjar á leikskóla nú í haust. Ingibjörg prjónar mikið, allir í fjölskyldunni eiga peysur sem Ingibjörg hefur prjónað. Það er mikið að gera hjá stórri fjölskyldu!



**1.1 Búðu til spurningar úr textanum! Spyrjið hvort annað og svarið**

1. *Hvað eiga Steinþór og Vera mörg börn?*
2. ______________________________
3. ______________________________
4. ______________________________
5. ______________________________

**Hvað segir Fríða frænka?**

*dagmamma – leikskóli – grunnskóli – framhaldsskóli*

Börn byrja hjá dagmömmu á bilinu sex mánaða til tólf mánaða.
Flest börn byrja í leikskóla um tveggja ára.
Börn byrja í 1. bekk í grunnskóla sex ára.
Flestir byrja í framhaldsskóla sextán ára og klára um tvítugt.
Sumir fara þá í háskólanám.

## 2. Haust

H3.47

Vinkona Veru, Lára, býr í Ástralíu. Vera skrifar henni bréf.

*10. september*

*Elsku Lára*

*Fyrirgefðu hvað það er langt síðan ég skrifaði þér. Ég reyndi að hringja í þig í gær en þú svaraðir ekki. Hér hefur verið mikið að gera.*

*Selma byrjaði á leikskóla í síðustu viku. Það gekk ekki vel í byrjun. Hún grét mikið og lét illa þegar ég fór frá henni, en núna gengur allt betur. Ég horfði á hana í söngstund í morgun og hún söng eins og engill!*

### 2.1 Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar

| | **Ég/Hann/Hún -aði** | **Við -uðum** | **Ég hef/Ég get -að** |
|---|---|---|---|
| að skrifa | Ég **skrifaði** bréf í gær. | Við **skrifuðum** bréf. | Ég **hef oft skrifað** bréf. |
| að byrja | Ég ____________ í skólanum. | Við ____________ að vinna. | Ég **get byrjað** á morgun. |
| að hanna | Hún **hannaði** kjól. | Við **hönnuðum** eldhúsið. | Ég hef ____________ föt. |
| að passa | Hann ____________ börn. | Við ____________ börnin. | Ég **hef passað** börn. |
| að prjóna | Hún ____________ peysu. | Við **prjónuðum** sokka. | Ég **get** ____________ húfu. |
| að svara | Ég ____________ í símann. | Við ____________ ekki. | Ég **get ekki** ____________ núna. |
| að spila | Ég ____________ fótbolta. | Við ____________ á spil. | Ég **get** ____________ á gítar. |
| | **Ég/Hann/Hún -ði/-di/-ti** | **Við -ðum/-dum/-tum** | **Ég hef/Ég get -t** |
| að horfa | Ég **horfði** á mynd. | Við **horfðum** á sjónvarpið. | Ég **hef horft** á myndina. |
| að reyna | Hann **reyndi** að syngja. | Við ____________ að brosa. | Ég **get** ____________ að hringja. |
| að reykja | Hún **reykti** mikið. | Við ____________ sígarettur. | Ég **hef** aldrei **reykt**. |
| að hætta | Ég ____________ að reykja. | Við **hættum** að rífast. | Ég **hef** oft ____________ að reykja. |
| að flytja | Ég **flutti** í gær. | Við ____________ í nýja húsið. | Ég **hef oft flutt** milli landa. |
| að sækja | Ég **sótti** um vinnu í gær. | Við ____________ barnið áðan. | Ég **hef** ____________ um mörg störf. |

### Sterkar sagnir

| | | | |
|---|---|---|---|
| að brjóta | Ég **braut** glas áðan. | Við **brutum** sófann! | Ég **hef** aldrei **brotið** neitt. |
| að detta | Ég **datt** í stiganum. | Við **duttum** bæði. | Ég **hef** stundum **dottið** í hálku. |
| að fara | Ég **fór** heim. | Við **fórum** í bíltúr. | Ég **hef** aldrei **farið** til Kína. |
| að fá | Ég **fékk** nýja vinnu. | Við **fengum** bréf og pakka. | Ég **hef** ekki **fengið** vinnu. |
| að ganga | Það **gekk** vel í gær. | Við **gengum** lengi á fjallinu. | Mér **hefur gengið** illa að læra. |
| að gráta | Ég **grét** í jarðarförinni. | Við **grétum** mikið! | Ég **get** aldrei **grátið**. |
| að láta | Hún **lét** illa í skólanum. | Við **létum** hann fá pening. | Ég **hef** oft **látið** illa. |
| að syngja | Ég **söng** með kórnum. | Við **sungum** mikið í gær. | Ég **get** ekki **sungið**. |
| að vinna | Hann **vann** lengi. | Við **unnum** til klukkan sjö. | Ég **hef unnið** í fiski. |

### 2.2 Bréfið hennar Veru heldur áfram. Skrifaðu orðin sem vantar

unnum braut hætti hannaði sótti reykt fékk datt passaði

*Steinþór er enn að leita að vinnu en hann ____________ að reykja um daginn og hefur verið skapvondur síðan. Hann hefur alltaf ____________ svo mikið. Hann ____________ um starf í þar síðustu viku og vonandi kemst hann í viðtal. Eins og þú veist, þá erum við að byggja og við ____________ mikið í húsinu í sumar. Við stefnum á að flytja um áramótin.*

*Í sumar ____________ Patrik vinnu hjá vinnuskólanum og Sunna ____________ börn. En nú eru þau byrjuð í skólanum og það er ágætt. Þú veist: röð, regla, rútína! Tengdamamma ____________ í fyrradag og ____________ fótlegginn! Hún býr enn í kjallaranum.*

*Námið mitt er mjög skemmtilegt. Ég ____________ pils sem hægt er að breyta í kjól. Ég sendi þér myndir.*

*Skrifaðu fljótt*
*Þín Vera*



## 2.3 Hvað gerist á haustin?

| | | |
|---|---|---|
| **1.** Skólar byrja | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **2.** Fólk er í sumarfríi | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **3.** Fólk byrjar í líkamsrækt | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **4.** Fólk fer í sólbað | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **5.** Fólk byrjar á námskeiðum | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **6.** Fólk málar húsin sín | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **7.** Fólk fer í útilegu | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **8.** Laufin fjúka af trjánum | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| **9.** Fólk fer í berjamó | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |

## 2.4 Tölum saman!

**a)** Hvað gerir þú alltaf á haustin?
**b)** Hvað gerðir þú síðasta haust?
**c)** Hvað ætlar þú að gera næsta haust?



## Passar þetta við þig?

- Ég á/átti afmæli
- Ég flutti
- Ég fer/fór í líkamsrækt
- Ég byrja/byrjaði í skóla
- Ég fékk nýja vinnu
- Ég fer/fór í réttir
- Ég byrjaði að vinna
- Barnið mitt byrjaði hjá dagmömmu
- Ég gekk á Esjuna
- Ég fór í atvinnuviðtal
- Ég lærði að dansa afró
- Ég hætti að reykja
- Barnið mitt byrjaði í skóla
- Ég bý/bjó til sultu



### Hvað segir Fríða frænka?



Margir taka slátur á haustin.
Er tekið slátur í þínu landi?

Slátur er blóðmör og lifrarpylsa.

# 3. Vetur

H3.48

Valur er vinur Steinþórs. Hann er giftur Láru. Þau búa í Ástralíu.
Steinþór skrifar honum tölvupóst

*16. febrúar*

*Kæri Valur*

*Mamma dó fyrir tveimur vikum síðan. Hún fékk hjartaáfall. Jarðarförin var falleg og gekk vel. Séra Þorsteinn sá um útförina fyrir okkur. Erfidrykkjan var í safnaðarheimilinu hjá kirkjunni eftir á. Það komu um hundrað manns.*

*Við fluttum í janúar, strax eftir áramótin í nýja húsið. Það er að mestu leyti tilbúið en enn á eftir að setja gólfefni og hurðir á skápa.*

*Ég fékk líka nýja vinnu í janúar og er að kenna í Tækniskólanum. Það er ágæt vinna, en mætti vera betur launuð.*

*Hvað er að frétta af ykkur? Hvenær komið þið heim?*

*Kveðja, Steini.*

## 3.1 Merktu við rétt eða rangt

| | | |
|---|---|---|
| **1.** Steinþór fékk hjartaáfall og dó | ☐ rétt | ☐ rangt |
| **2.** Það voru um hundrað manns í jarðarförinni | ☐ rétt | ☐ rangt |
| **3.** Erfidrykkjan var heima hjá þeim | ☐ rétt | ☐ rangt |
| **4.** Þau fluttu fyrir áramótin í nýja húsið | ☐ rétt | ☐ rangt |
| **5.** Það vantar enn hurðir á skápana | ☐ rétt | ☐ rangt |
| **6.** Steinþór er ánægður í vinnunni | ☐ rétt | ☐ rangt |



### Hvað segir Fríða frænka?

Hvað segir maður þegar einhver deyr og maður vill sýna samúð?
*Dæmi:* Ég samhryggist. Ég votta þér samúð mína.

Andlát og jarðarfarir eru venjulega tilkynntar í útvarpinu, á Rás 1 og auglýstar í dagblöðum.
Minningargreinar eru birtar í dagblöðum.



## Fyrir og eftir

| | |
|---|---|
| **Eftir ...** | Ég flyt eftir áramót = ég flyt þegar áramótin eru búin.<br>Það á eftir að mála húsið = Það er ekki búið að mála húsið.<br>Ég hringi á eftir = Ég hringi eftir smátíma. |
| **Fyrir ...** | Ég mála húsið fyrir áramót = Ég mála í desember, áður en áramótin koma.<br>Ég kom til Íslands fyrir fimm árum = Ég hef verið á Íslandi í fimm ár.<br><br>Ég baka köku fyrir veisluna.<br>Ég geri allt fyrir þig. |

### 3.2 Veldu fyrir eða eftir

*Dæmi:* Tíminn er bráðum búinn. Geturðu talað við mig ☑ eftir / ☐ fyrir tímann?

**1.** ☐ Eftir / ☐ Fyrir haustið kemur veturinn.

**2.** Viltu skreppa út í búð ☐ eftir / ☐ fyrir mig?

**3.** Ég get það ekki strax.
Ég skal gera það á
☐ eftir.
☐ fyrir.

**4.** Ég flutti til Ísafjarðar ☐ eftir / ☐ fyrir mörgum árum síðan.

**5.** Ég ætla að klára að mála húsið í ágúst, ☐ eftir / ☐ fyrir veturinn.

**6.** Það vantar smjör á heimilið. Það á ☐ eftir / ☐ fyrir að kaupa það.

**7.** Ég á ☐ eftir / ☐ fyrir að panta sal ☐ eftir / ☐ fyrir ☐ veisluna.

### 3.3 Hvað gerist á veturna?

| | | |
|---|---|---|
| Fólk fer á skíði eða snjóbretti | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk er úti á stuttbuxum | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk kaupir úlpu | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk festir bílinn | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk mokar snjó | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk fer í útilegu | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk er í sumarfríi | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk borðar slátur og svið | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk kveikir á kertum | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |





## 3.4 Tölum saman!

**a)** Hvað finnst þér skemmtilegt að gera á veturna á Íslandi?

**b)** Hvað er leiðinlegast eða erfiðast við veturinn á Íslandi?

## 3.5 Íslensk kjötsúpa - uppskrift

1.8 l vatn

1kg súpukjöt (lambakjöt)

500g kartöflur

500g gulrófur

250g gulrætur

1½ dl hrísgrjón

100g hvítkál

1½ msk súpujurtir

1msk salt (eða eftir smekk)

½ stk laukur, saxaður smátt

nýmalaður pipar



tsk = teskeið
msk = matskeið
stk = stykki
g = grömm
kg = kílógrömm
dl = desilítri

**Aðferð**

Fituhreinsaðu kjötið og settu í pott, helltu vatni yfir og hitaðu þar til fer að sjóða. Gott er að fleyta froðunni af. Saltaðu súpuna og bættu við súpujurtum, lauk og hrísgrjónum. Soðið í um 40 mínútur. Skerðu gulrófurnar, gulræturnar og kartöflurnar í bita. Settu grænmetið útí pottinn og láttu sjóða í 15 mínútur til viðbótar. Skerðu kálið og settu út í. Allt soðið í um 5 mínútur. Smakkaðu og bragðbættu með salti og pipar.



**Hvað segir Fríða frænka?**

Fyrsti vetrardagur er þriðji laugardagurinn í október.
Margir borða þá íslenska kjötsúpu.
Þorri er gamalt mánaðarheiti og byrjar oftast í febrúar.
Þá borða margir Íslendingar þorramat.
Hefur þú smakkað þorramat?

## 4. Vor

H3.49

Heiða er dóttir Láru og Vals og er líka vinkona Sunnu.
Þær eru núna að spjalla á spjallrás á netinu.

**Raðaðu saman samtalinu þeirra:**

**a)** Merktu fyrst með númeri
**b)** Skrifaðu svo samtalið aftur
**c)** Hlustaðu á samtalið

1. Hæ – hvað segirðu?

Já, ekki spurning, ef pabbi vill lána mér bílinn.

Ég hélt partý.

Heyrðu, ég verð að fara. Ég þarf að hjálpa mömmu með matinn.

Er það? Hér er frekar kalt. Ég átti afmæli í gær.

Í alvöru? Hvernig gekk?

Já! Til hamingju. Hvað gerðirðu?

Allt fínt. Bara ógeðslega heitt hérna.

Bæ!

Var gaman?

Já, rosalega gaman. Svo tók ég bílprófið í morgun!

Ég var hrikalega stressuð, en það gekk vel. Ég náði!

OK, ég bið að heilsa öllum. Bæ!

Frábært. Fer í bíltúr með þér þegar ég kem heim í sumar.

Sunna: Hæ – hvað segirðu?
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______
Sunna: ______
Heiða: ______



## Hvað segir Fríða frænka?

Á Íslandi má taka bílpróf og fá ökuskírteini þegar maður er sautján ára. Maður þarf að taka bæði verklegt og skriflegt próf.

*Dæmi um lög á Íslandi:*
Hámarkshraði á þjóðveginum og á hraðbrautum er 90 km á klukkustund.
Í íbúðahverfum er hámarkshraðinn 30 km á klukkustund.
Allir eiga að nota bílbelti á Íslandi, alltaf, alls staðar.
Þú mátt ekki keyra ef þú ert búinn að drekka áfengi.
Ef þú færð sekt, getur það haft áhrif á það hvenær þú færð ríkisborgararétt!

### 4.1 Hvað gerist á vorin?

| | | |
|---|---|---|
| Fuglarnir koma til landsins | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Skólinn er búinn | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk byrjar í skóla | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk fær flensu | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Það byrjar að dimma úti | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk skipuleggur sumarfríið | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk útskrifast úr skólum | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk gróðursetur sumarblóm | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Það byrjar að birta úti | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |
| Fólk er í góðu skapi | ☐ algengt | ☐ sjaldgæft |



## 5. Sumar

H3.50

Vinur Patriks, Bjössi er í fríi á Íslandi. Hann á heima í Ástralíu og er sonur Láru og Vals.

Þeir tala saman.

Patrik: Mig langar ótrúlega mikið í útilegu. Ég hef ekki farið neitt í sumar! Það er geðveikt veður og ég nenni ekki að hanga heima um helgina.

Bjössi: Ertu að meina með fjölskyldunni?

Patrik: Nei, mig langar ekki að fara með pabba og mömmu. Pabbi vill alltaf fara að veiða og mér finnst það hundleiðinlegt. Nú langar mig að fara með vinum mínum, ég hef aldrei gert það!

Bjössi: Ég skal koma með þér. Við getum tjaldað á Þingvöllum og grillað og allt!

Patrik: Já, ég verð samt að spyrja pabba og mömmu.

## 5.1 Búið til samtal þegar Patrik spyr pabba og mömmu hvort hann megi fara í útilegu með Bjössa. Leikið svo fyrir bekkinn!

Patrik: ______________________________

Mamma: ______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

Ég má aldrei gera neitt!

Mig langar ekki að veiða!

Ég er ekki barn lengur!



Já, auðvitað kunnum við að tjalda!

Mig langar að fara með Bjössa!





### Hvað segir Fríða frænka?



Sumardagurinn fyrsti er þriðji fimmtudagurinn í apríl.
Það er frídagur! Það er oft mjög kalt á sumardaginn fyrsta.

Verslunarmannahelgin er fyrsta helgin í ágúst. Þá eru útihátíðir víða um land, til dæmis í Vestmannaeyjum. Hvenær finnst þér í lagi að krakkar fari einir í útilegu eða á útihátíðir?

## 5.2 Hvað gerðir þú síðasta sumar?

______________________________

______________________________

______________________________

______________________________

## 5.3 Hlustaðu á samtölin og merktu hvaða árstíð er!

H3.51-54

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samtal 1 | ☐ vor | ☐ sumar | ☐ haust | ☐ vetur |
| Samtal 2 | ☐ vor | ☐ sumar | ☐ haust | ☐ vetur |
| Samtal 3 | ☐ vor | ☐ sumar | ☐ haust | ☐ vetur |
| Samtal 4 | ☐ vor | ☐ sumar | ☐ haust | ☐ vetur |

## 6. Hvað kann ég?

### Krossgáta




**Lárétt:**

1 Patrik finnst **...** að veiða.

4 Steinþór **...** að reykja í gær.

7 Fólk fer oft á **...** á veturna.

9 Hann **...** nýja vinnu í síðustu viku.

10 Fólk **...** úr skólum á vorin.

12 Hefur þú **...** til Kína?

14 Amma **...** í stiganum.

15 Sunna **...** bílpróf í morgun.

16 Ég hef aldrei **...** í fiski.

**Lóðrétt:**

2 Selma byrjaði í **...**

3 Viltu skreppa út í búð **...** mig?

5 **...** þú sungið?

6 Viltu tala við mig á **...**?

8 Eftir jarðarförina var **...**

11 Getur þú **...** á gítar?

12 Við **...** í nýja húsið í janúar.

13 Ég **...** í jarðarförinni.

## 7. Sjálfsmat – Þetta kann ég!

**1.** Ég kann **að segja**

Skrifa:
- ☐ Ég **skrifaði** bréf
- ☐ Við **skrifuðum** bréf
- ☐ Ég **hef** oft **skrifað** bréf

Flytja:
- ☐ Ég **flutti** í gær
- ☐ Við **fluttum** í gær
- ☐ Ég **hef** oft **flutt**

Fá:
- ☐ Ég **fékk** ís
- ☐ Við **fengum** ís
- ☐ Ég **hef** oft **fengið** ís

Horfa:
- ☐ Ég **horfði** á sjónvarpið
- ☐ Við **horfðum** á sjónvarpið
- ☐ Ég **hef** oft **horft** á sjónvarpið

Detta:
- ☐ Ég **datt** í gær
- ☐ Við **duttum** í gær
- ☐ Ég **hef** oft **dottið**

Reyna:
- ☐ Ég **reyndi** að hringja
- ☐ Við **reyndum** að hringja
- ☐ Ég **hef** oft **reynt** að hringja

Gráta:
- ☐ Ég **grét** í jarðarförinni
- ☐ Við **grétum** í jarðarförinni
- ☐ Ég **hef** oft **grátið**

**2.** Ég kann **þessi orð:**

☐ Líkamsrækt ☐ Hjartaáfall ☐ Jarðarför ☐ Erfidrykkja ☐ Kjötsúpa ☐ Útilega

**3.** Ég kann orðin **fyrir** og **eftir**

- ☐ Ég flyt **eftir** áramót
- ☐ Það **á eftir** að mála húsið
- ☐ Ég hringi **á eftir**
- ☐ Ég mála húsið **fyrir** áramót
- ☐ Ég kom til Íslands **fyrir** fimm árum
- ☐ Ég geri allt **fyrir** þig

**4.** Ég kann **að spyrja og svara**

| | |
|---|---|
| ☐ Getur þú **prjónað** peysu? | ☐ Já, ég get **prjónað** peysu |
| ☐ Hefur þú **reykt**? | ☐ Nei, ég hef aldrei **reykt** |
| ☐ Getur þú **farið** út í búð? | ☐ Já, ég get **farið** út í búð |
| ☐ Hvað hefur þú **unnið** lengi á Íslandi? | ☐ Ég hef **unnið** á Íslandi í fimm ár |
| ☐ Hvar getur þú **sótt** um vinnu? | ☐ Ég get **sótt** um vinnu á netinu |
| ☐ Getur þú **sungið**? | ☐ Nei, ég get ekki **sungið** |

**5.** Hvað **lærði ég fleira** í 6. kafla? ______________________________

______________________________________________

**6.** Hvað ætla ég **að nota?** ______________________________

______________________________________________

**7.** Hvað þarf ég **að læra betur?** ______________________________

______________________________________________

Málfræði M

## Kennimyndir:
## 1. pers. þátíð eintala/ 2. pers. þátíð, fleirtala / lýsingarháttur þátíðar

### Veikar sagnir

| | **Ég -aði** | **Við -uðum** | **Ég hef/Ég get -að** |
|---|---|---|---|
| að byrja | Ég **byrjaði** í skólanum. | Við **byrjuðum** að vinna. | Ég **get byrjað** á morgun. |
| að hanna | Ég **hannaði** kjól. | Við **hönnuðum** eldhúsið. | Ég **hef hannað** föt. |
| að passa | Ég **passaði** börn. | Við **pössuðum** börnin. | Ég **hef passað** börn. |
| að prjóna | Ég **prjónaði** peysu. | Við **prjónuðum** sokka. | Ég **get prjónað** húfu. |
| að skrifa | Ég **skrifaði** bréf í gær. | Við **skrifuðum** bréf. | Ég **hef** oft **skrifað** bréf. |
| að spila | Ég **spilaði** fótbolta. | Við **spiluðum** á spil. | Ég **get spilað** á gítar. |
| að svara | Ég **svaraði** í símann. | Við **svöruðum** ekki. | Ég **get** ekki **svarað** núna. |
| | **Ég -ði/-di/-ti** | **Við -ðum/-dum/-tum** | **Ég hef/Ég get -t** |
| að flytja | Ég **flutti** í gær. | Við **fluttum** í nýja húsið. | Ég **hef** oft **flutt** milli landa. |
| að horfa | Ég **horfði** á mynd. | Við **horfðum** á sjónvarpið. | Ég **hef horft** á myndina. |
| að hætta | Ég **hætti** að reykja. | Við **hættum** að rífast. | Ég **hef** oft **hætt** að reykja. |
| að reykja | Ég **reykti** mikið. | Við **reyktum** sígarettur. | Ég **hef** aldrei **reykt**. |
| að reyna | Ég **reyndi** að syngja. | Við **reyndum** að brosa. | Ég **get reynt** að hringja. |
| að sækja | Ég **sótti** um vinnu í gær. | Við **sóttum** barnið áðan. | Ég **hef sótt** um mörg störf. |

### Sterkar sagnir: Kennimyndir – hljóðbreytingar!

| | **Ég ...** | **Við ...** | **Ég hef .../Ég get ...** |
|---|---|---|---|
| að brjóta | Ég **braut** glas áðan. | Við **brutum** sófann! | Ég **hef** aldrei **brotið** neitt. |
| að detta | Ég **datt** í stiganum. | Við **duttum** bæði. | Ég **hef** stundum **dottið** í hálku. |
| að fara | Ég **fór** heim. | Við **fórum** í bíltúr. | Ég **hef** aldrei **farið** til Kína. |
| að fá | Ég **fékk** nýja vinnu. | Við **fengum** bréf og pakka. | Ég **hef** ekki **fengið** vinnu. |
| að ganga | Það **gekk** vel í gær. | Við **gengum** lengi á fjallinu. | Mér **hefur gengið** illa að læra. |
| að gráta | Ég **grét** í jarðarförinni. | Við **grétum** mikið! | Ég **get** aldrei **grátið**. |
| að láta | Hún **lét** illa í skólanum. | Við **létum** hann fá pening. | Ég **hef** oft **látið** illa. |
| að syngja | Ég **söng** með kórnum. | Við **sungum** mikið í gær. | Ég **get** ekki **sungið**. |
| að vinna | Hann **vann** lengi. | Við **unnum** til klukkan sjö. | Ég **hef unnið** í fiski. |

## Forsetningar: fyrir og eftir

**fyrir + þolfall**

*Tími:* Ég flyt **fyrir** áramótin.
Bakaðu köku **fyrir** veisluna.

*Persóna:* Ég geri allt **fyrir** þig.
Ég bakaði köku **fyrir** mömmu.

**fyrir + þágufall**

*Tími:* Ég kom til Íslands **fyrir** fimm árum.

*Persóna:* Þú ert **fyrir** mér. Geturðu fært þig?

**eftir + þolfall**

*Tími:* Ég flyt **eftir** áramót.
Ég ætla heim **eftir** veisluna.

**að eiga eftir að ...**

Ég **á eftir að** mála húsið.

**á eftir + þágufall**

Ég er **á eftir** honum í röðinni.

Ég hringi **á eftir.**

## Orðabanki – Notaðu orðabók

| **orð** | **þýðing** | **orð** | **þýðing** |
|---|---|---|---|
| að brjóta | | fatahönnun | |
| að byggja | | framhaldsskóli | |
| að detta | | grunnskóli | |
| að hanna | | hjúkrunarheimili | |
| að reykja | | jarðarför | |
| að syngja | | leikskóli | |
| að útskrifast | | líkamsrækt | |
| algengur | | rafvirki | |
| áramót | | sjaldgæfur | |
| bílpróf | | útilega | |
| dagmamma | | útskrifast | |
| erfidrykkja | | verkefni | |